

Sjálfseignarstofnunin

# HANDVERK OG HÖNNUN

## Mat

á árangri og mikilvægi  
starfseminnar



Gísli Sverrir Árnason MPA  
Garðar Jónsson MSc

## Efnisyfirlit

<b>1. Niðurstaða</b> .....	<b>3</b>
<b>2. Um verkefnið</b> .....	<b>4</b>
<b>3. Verklag</b> .....	<b>4</b>
<b>4. Handverk og hönnun. Lýsing á starfsemi og stöðu</b> .....	<b>5</b>
<b>4.1 Starfsemi í 14 ár</b> .....	<b>5</b>
<b>4.2 Hlutverk</b> .....	<b>7</b>
Mat R3-Ráðgjafar .....	8
<b>4.3 Árangur</b> .....	<b>8</b>
Mælanlegur árangur .....	10
<i>Sýningar</i> .....	10
<i>Samtímaskráning á handverki og þróun þess</i> .....	10
<i>Útgáfu- og kynningarstarf</i> .....	10
<i>Fjölgun starfa og tækifæra</i> .....	10
<i>Þjónusta við dreifðar byggðir</i> .....	11
<i>Viðhorf þátttakenda</i> .....	11
<i>Mat sérfræðinga</i> .....	11
Mat R3-Ráðgjafar .....	12
<b>4.4 Mikilvægi</b> .....	<b>12</b>
Mat R3-Ráðgjafar .....	14
<b>Fylgiskjal 1. Þjónustukönnun 2008</b> .....	<b>15</b>
<b>Fylgiskjal 2. Spurningakönnun 2008</b> .....	<b>20</b>

Höfundur verks á forsiðu er Valdís Harrýsdóttir.

## 1. Niðurstaða

### Það er mat okkar að Handverk og hönnun:

- Hafi stuðlað að faglegri og metnaðarfullri uppbyggingu á handverki og listiðnaði um allt land á undanförunum árum og eigi möguleika á að vinna að enn frekari eflingu þessara listgreina með viðunandi stuðningi.
- Hafi náð miklum árangri við eflingu handverks og listiðnaðar með háum gæðakröfum, kynningar- og leiðbeiningarstarfi og metnaðarfullri útgáfu og sýningum.
- Gegni afar mikilvægu og þakklátu hlutverki fyrir fólk sem vinnur að handverki og listiðnaði í landinu. Hlutverk stofnunarinnar er ekki síður mikilvægt nú en þegar upphaflega var stofnað til verkefnisins árið 1994.
- Njóti virðingar og viðurkenningar innan stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga, ráðgjafar- og menningarstarfs og á meðal þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.
- Hafi, með starfi sínu, stutt við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu auk þess að stuðla að virðingu við þjóðleg vinnubrögð og hönnun.
- Sé í óviðunandi stöðu vegna óvissu um rekstrarfé og sess innan hins opinbera mennta- og atvinnuþróunarkerfis. Þeirri óvissu þarf að eyða með samningi við t.d. menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti um framtíðarhlutverk stofnunarinnar og þann sess sem henni er ætlaður.
- Sé tæki sem stjórnvöld eigi að styðja við og nýta sem hluta af stuðningskerfi við menningar- og atvinnugreinar landsins.

Reykjavík 30. september 2008,

R3-Ráðgjöf ehf.

Gísli Sverrir Árnason MPA

Garðar Jónsson MSc

## 2. Um verkefnið

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Handverks og hönnunar fól ráðgjafarfyritækinu R3-Ráðgjöf ehf. að meta stöðu stofnunarinnar og þann árangur sem náðst hefur í starfsemi hennar og verkefninu í heild. Vinna við matið fór að mestu fram í ágúst og september 2008.

## 3. Verklag

Mat á stöðu og árangri Handverks og hönnunar var framkvæmt á eftirfarandi hátt:

- Rýnt var í gögn um stofnunina svo sem skýrslur, ársreikninga, kannanir, útgáfurit o.fl.
- Fundir voru haldnir með framkvæmdastjóra og stjórn Handverks og hönnunar.
- Þjónustukönnun var framkvæmd meðal þátttakenda í starfi Handverks og hönnunar
- Leitað var álits og svara hjá ráðgjöfum listamönnum og fulltrúum innan stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga.
- Sjálfstætt mat sérfræðinga hjá R3-Ráðgjöf var síðan unnið á grundvelli alls þessa.

## 4. Handverk og hönnun. Lýsing á starfsemi og stöðu

### 4.1 Starfsemi í 14 ár

**Reynsluverkefnið Handverk** var stofnað af forsætisráðuneytinu árið 1994. Nokkru síðar var heiti verkefnisins breytt í Handverk og hönnun sem hefur haldist síðan. Árið 1998 komst nefnd undir forsæti Sigurðar Guðmundssonar hjá Þjóðhagsstofnun að því að verkefnið hefði skilað miklum árangri og lagði til áframhald þess. Auk forsætisráðuneytisins komu félagsmálaráðuneyti, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og loks iðnaðarráðuneytið að fjármögnun á verkefninu allt þar til forsætisráðuneytið ákvað á miðju ári 2006 að leggja það niður.

Sú ákvörðun vakti hörð viðbrögð innan handverks- og hönnunarsamfélagsins og hjá atvinnu- og menningarráðgjöfum um allt land. Brugðið var á það ráð að sækja um fjármuni til starfseminnar beint til Alþingis og fengust lágmarksfjárveitingar vegna áranna 2007 og 2008 af fjárlögum. Auk þeirra framlaga hefur verið leitað annarra ráða við að fjármagna starfsemina svo hún geti haldið áfram með svipuðum hætti og áður.

**Sjálfseignarstofnunin Handverk og hönnun** var stofnuð í janúar 2007 og voru stofnfélagar 204. Í þeim hópi er handverksfólk, hönnuðir og aðrir einstaklingar sem áhuga hafa á eflingu þessara listgreina. Markmið stofnunarinnar eru þau sömu og fyrr hjá Handverki og hönnun, eða:

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

Handverk og hönnun hefur undanfarin ár þjónað miklum fjölda fólks á mjög fjölbreyttan hátt. Meðal þeirra þátta sem stofnunin hefur unnið að eru:

**Ráðgjöf og fræðsla** sem felst meðal annars í fundum víða um land, bæði með hópum og einstaklingum. Einnig markaðsráðgjöf til einstaklinga og nokkur fræðsla til grunn- og framhaldsskólanema.

**Samstarf** við atvinnu- og menningarráðgjafa, Útflutningsráð, utanríkisráðuneyti og fleiri aðila. Einnig þátttaka í norrænu samstarfi.

**Upplýsingagjöf** til fjölmargra erlendra hópa, sýningarstjóra, blaðamanna og annarra sem leita upplýsinga um handverk, listiðnað og hönnun á Íslandi.

**Sýningar** um allt land og nokkrar erlendis með á fjórða hundrað þátttakendum. Fyrir hverja sýningu er skipuð fagleg valnefnd sem velur sýningargripi. Einnig hafa verið haldnar sérstakar heildsölusýningar fyrir smásöluaðila um allt land. Þá hefur Handverk og hönnun staðið fyrir s.k. Handverksdegi þar sem tugir aðila opna vinnustofur sínar og kynna feril handunninna verka.

**Útgáfa** Handverks og hönnunar hefur verið fjölbreytt. Vegleg heimasíða, fréttabréf og myndarlegar sýningarskrár eru meðal þess útgáfuefnis sem stofnunin stendur að. Einnig kemur annað hvert ár út bókin *Handverk og hönnun á Íslandi* í 5.000 eintökum. Bókin er uppsláttarrit með upplýsingum um á annað hundrað einstaklinga og verk þeirra og er meðal annars dreift endurgjaldslaust til stofnana, grunnskóla, sveitarfélaga, bókasafna, sendiráða og fyrirtækja.

**Styrkveitingar** til endurmenntunar og einstakra verkefna hafa verið í boði eftir því sem efni stofnunarinnar leyfa og hafa 75 einstaklingar fengið slíka styrki frá árinu 2000.

**Þjónustukannanir** eru reglulega sendar út til þátttakenda í starfi Handverks og hönnunar. Niðurstöður þeirra hafa verið nýttar til þess að bæta starfsemi og þjónustu enn frekar.

**Fagbókasafn** hefur verið byggt upp hjá stofnuninni og hefur notið mikilla vinsælda. Er allur bókaskosturinn skráður á heimasíðunni. Þangað geta þátttakendur í starfi Handverks og hönnunar og aðrir leitað upplýsinga um handverk, listiðnað og fjölbreytta hönnun. Bækunar eru til útláns.

**Upplýsingasöfnun** og miðlun upplýsinga um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði hefur verið liður í starfseminni og er afar vel þeginn.

Skrifstofur Handverks og hönnunar eru að Aðalstræti 10, í fornfrægu húsi í hjarta Reykjavíkur. Þar er einnig sýningarrýmið *Á skörinni* og ágæt tengsl við verslunina *Kraum* sem selur eingöngu íslenska hönnun og listiðnað og svo sýningarsali um sögu Reykjavíkur sem Reykjavíkurborg sér um.

Rekstur sjálfseignarstofnunarinnar Handverks og hönnunar hefur takmarkast af þeim opinberu fjárframlögum sem fengist hafa hverju sinni, 15,0 milljónir kr. árið 2007 og 17,5 milljónir kr. árið 2008. Þess má geta að verkefnið Handverk og hönnun fékk 18,1 milljón kr. árið 2006. Ekki er mikið svigrúm til nýbreytni eða útvíkkunar á starfsemi innan þessara fjárhagsmarka auk þess sem óvissa um rekstrarfé til lengri tíma setur stofnuninni skorður. Því hefur Handverk og hönnun nýlega leitað samninga við menntamálaráðuneytið um föst framlög á ári, 20 milljónir kr. hið minnsta, gegn því að taka að sér að veita áfram stuðning og ráðgjöf til handverksfólks og vinna að öðrum framfaramálum fyrir handverk og listiðnað í landinu.

## 4.2 Hlutverk

Hlutverk Handverks og hönnunar hefur verið skýrt frá upphafi. Verkefninu var komið á fót af opinberum aðilum í því skyni að stuðla að aukinni fagmennsku og atvinnuuppbyggingu í handverki og listiðnaði á Íslandi. Handverk og hönnun hefur gegnt því hlutverki í 14 ár og er nú órjúfanlegur þáttur í faglegri umgjörð handverks og listiðnaðar og kynningu á íslensku handverksfólki.

Ráðgjafarhlutverki sínu hefur Handverk og hönnun meðal annars sinnt í samstarfi við annað ráðgjafar- og þróunarstarf opinberra aðila í landinu svo sem atvinnuráðgjafa, menningarráðgjafa, stoðverk landbúnaðarins og Útflutningsráð. Í starfsemi sinni hefur stofnunin verið hvetjandi fyrir handverksfólk og hönnuði að takast á við verkefni sem tengjast nýjum og gömlum vinnubrögðum og nýtingu á íslensku hráefni.

Í upplýsingagjöf Handverks og hönnunar felst einnig hvatning og í gegnum viðtöl og fræðslu er fólk leiðbeint inn á brautir sem því hentar og eflir listir og handverk í landinu. Með því að hafa mótandi áhrif á gæði handverks er líka verið að vinna almenningi í landinu gagn því lengst af var hinn almenni neytandi óvarinn gegn óvandaðri vöru sem seld var undir merkjum listhandverks.

Menningarlegt hlutverk Handverks og hönnunar er einnig mikið en aðalsmerki hvernar þjóðar er öflugt menningarstarf og þær afurðir sem þjóðin skapar. Með eflingu handverks og listiðnaðar í landinu öllu hefur Handverk og hönnun stuðlað að eflingu á þjóðlegu handverki, nýsköpun í fjölmörgum greinum listiðnaðar og fjölgun þeirra einstaklinga sem eiga möguleika á að gera þessa menningarlegu iðju að lifibrauði sínu. Með því er búseta í öllu landinu styrkt auk þess sem fjölbreytni minja- og listgripa sem ferðamenn sækjast eftir í hverju héraði eykst og batnar.

Í könnun í september voru þátttakendur í starfi Handverks og hönnunar spurðir hvort þeir teldu að starf stofnunarinnar hefði stuðlað að því að auka gæði og faglega stöðu handverks og listiðnaðar í landinu. Nær allir, eða 97,5% svarenda, svöruðu því játandi og töldu að það hefði gerst að mjög miklu eða talsverðu leyti þótt enn væri vissulega hægt að bæta það starf.

Í svörum sérfræðinga við sömu spurningu koma fram svipaðar vísbendingar, eins og sést á eftirfarandi dæmum:

- „Handverk og hönnun hefur unnið í því að setja gæðastaðla, verið leiðbeinandi á öllum sviðum listsköpunar, þróunar, fræðslu, kynningar og markaðssetningar og margir einstaklingar hafa náð að skapa sér atvinnu úr áhugamáli. Sýningarhald og útgáfustarfsemi á vegum Handverks og hönnunar hefur gert mörgum kleift að ná árangri og er þetta ekki síst fagmennsku og óeigingirni starfsmanna að þakka.“
- „Tvímælaust. Maður sé þess öll merki að mikið er lagt upp úr faglegri og vandaðri vinnu í kynningu á þeim listamönnum sem valdir eru.“

**Mat R3-Ráðgjafar**

- Hlutverk Handverks og hönnunar nú er ekki síður mikilvægt en þegar stofnað var til verkefnisins árið 1994. Það hefur þó tekið miklum breytingum samhliða hækkandi gæðastigi handverks og listiðnaðar.
- Stofnunin hefur gegnt hlutverki sínu af alúð og með miklum árangri. Nær allir þátttakendur í starfi Handverks og hönnunar eru ánægðir með þær áherslur sem lagðar eru á fagmennsku og gæði og vilja að það verði eitt aðal hlutverk stofnunarinnar áfram.
- Stofnunin hefur alla faglega burði til þess að stakast á við frekari verkefni og vinna að enn öflugra starfi innan handverks og listiðnaðar á Íslandi.

**4.3 Árangur**

Verkefnið Handverk og hönnun hefur staðið óslitið síðan forsætisráðuneytið kom því á laggirnar árið 1994. Verkefnið, sem nú hefur tekið á sig mynd formlegrar starfsemi í sjálfseignarstofnuninni Handverk og hönnun, hefur unnið að margvíslegum framfaramálum á sviði handverks og listiðnaðar á Íslandi. Stofnunin sameinar fjölbreyttan hóp listamanna og handverksfólks og skapar þeim vettvang til samstarfs og umræðu.

Handverk og hönnun hefur gefið ótrúlega mörgum tækifæri til þess að sanna sig og koma sér á framfæri. Útgáfu- og kynningarmál stofnunarinnar eru ómetanlegir þættir í markaðssetningu margra listamanna. Kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur undanfarin ár, eða frá árinu 2006, og fjölbreyttar sýningar víðar hafa gert fólki kleift að koma vöru sinni á markað undir sameiginlegu átaki Handverks og hönnunar. Heimasíða stofnunarinnar er einnig afar gagnleg og full af upplýsingum.

Þátttakendur í verkefnum Handverks og hönnunar, það er sýningum og öðru kynningarstarfi, skiptast þannig eftir landshlutum:

Reykjavík og nágrenni	265
Vesturland/ vestfirðir	19
Norðurland	50
Austurland	13
Suðurland	23



Á það hefur verið bent að ef svigrúm stofnunarinnar væri meira gæti verið áhugavert að stefna að ítarlegri útgáfu um handverk og listiðnað í landinu og bera það ef til vill saman við það besta sem hefur verið gert í sömu listgreinum á Norðurlöndunum.

Faglega stendur Handverk og hönnun í fararbroddi gagnvart stórum hópi einstaklinga og einyrkja, sem treysta á forystu stofnunarinnar í kynningu og eflingu handverks og listsköpunar í landinu. Þetta á ekki síst við hinn dreifða hóp handverksfólks sem vinnur að fagmennsku að listsköpun sinni utan höfuðborgarsvæðisins.

Eitt af því sem skapar Handverki og hönnun sérstöðu meðal sambærilegra stofnana á Norðurlöndunum er að innan raða stofnunarinnar starfa hlið við hlið faglærðir og ófaglærðir listamenn. Það sýnir ef til vill best þann ásetning forystufólks verkefnisins að vinna gegn landamærum og öðrum hindrunum í því skyni að sameina einstaklingana.

Stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands breytir ekki stöðu Handverks og hönnunar þótt eflaust sé hægt að benda á möguleika þessara aðila um samstarf við einstök verkefni. Það gildir einnig um fjölmargar mennta-, fræðslu- og þróunarstofnanir og samtök sem Handverk og hönnun hefur unnið með á undanförunum árum.

Stofnanir, sambærilegar við Handverk og hönnun, eru starfandi á Norðurlöndunum þar sem opinberir aðilar eru meðal annars burðarásar í fjármögnun starfseminnar.

Í þjónustukönnun meðal þátttakenda í starfi Handverks og hönnunar í september 2008 töldu 87,6% svarenda verkefni Handverks og hönnunar (sýningar, kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur, útgáfu o.fl.) uppfylla væntingar sínar til starfseminnar að öllu eða miklu leyti.

Mat sérfræðinga (ráðgjafa, fulltrúa innan stjórnsýslunnar og hönnuða) sem leitað var til á sama tíma var einnig svipað. Dæmi um mat þeirra eru eftirfarandi svör við spurningu um hvort starfsemi Handverks og hönnunar stæði undir væntingum:

- „Að mínu mati hafa sýningar verið áhugaverðar og ótrúlega fjölbreyttar, útgáfa kynningarefnis hefur líka verið til fyrirmyndar. Handverk og hönnun er vel rekið og uppfyllir mínar væntingar til verkefnisins.“
- „Sérlega vel, það er afar faglega staðið að öllum þessum málaflokkum og áberandi vel heppnað allt saman, gæði eru ávallt mjög góð á því efni sem unnið er og vel staðið að kynningarmálum á allan hátt.“

Í dag stendur Handverk og hönnun á tímamótum. Óvissa er um framtíðarfjármögnun starfseminnar og sess hennar innan hins opinbera menntunar-, menningar- og ráðgjafargeira. Um leið er óvissa um hvort áfram verður hægt að veita faglega ráðgjöf og aðra þá þjónustu sem stofnunin hefur staðið fyrir svo lengi.

## Mælanlegur árangur

Árangur Handverks og hönnunar er mælanlegur með beinum eða óbeinum hætti á ýmsum sviðum. Hér verður vikið að nokkrum þeirra.

## Sýningar

Sýningar sem verkefnið og síðar sjálfseignarstofnunin hefur staðið að bera fagmennsku og grósku órækt vitni sem og útgáfustarf, ráðgjöf og kynningar. Sýningarnar eru orðnar rúmlega fimmtíu á örfáum árum:

- 27 sýningar í Reykjavík og nágrenni.
- 22 sýningar á landsbyggðinni.
- 3 sýningar erlendis.
- Þátttakendur í sýningum eru á fjórða hundruð.

## Samtímaskráning á handverki og þróun þess

Í öllu starfi Handverks og hönnunar hefur þess verið gætt að skrásetja og safna upplýsingum um sýningar og þá listmuni sem til sýnis eru hverju sinni. Þetta hefur verið gert með myndatökum atvinnuljósmyndara, skrásetningu og síðan vistun og framsetningu á þessari sögu. Smám saman hefur orðið til ómetanlegt safn eða yfirlit um þróun handverks og listiðnaðar í landinu.

## Útgáfu- og kynningarstarf

Útgáfustarf, ráðgjöf, kynningarmál og samstarfsverkefi eru einnig þættir sem eftirtektarverð fagmennska einkennir og almennt má segja að Handverk og hönnun hafi tekist að sameina fjölmarga, ólíka aðila sem voru mjög ósamstíga áður. Sem dæmi um útgáfustarf má nefna:

- Heimasíðan [www.handverkoghonnun.is](http://www.handverkoghonnun.is) með miklum og gagnlegum upplýsingum.
- Fréttabréf Handverks og hönnunar sem komið hafa út að jafnaði tvisvar á ári. Fréttabréfin voru send í pósti til 2006 og eftir það í rafrænu formi. Áskrifendur að fréttum á heimasíðunni eru tæplega sex hundruð.
- Veglegar sýningarskrár hafa verið gefnar út í tengslum við stærri sýningar.
- Borðskort og veggspjöld með myndum eru gerð í tengslum við allar sýningar Handverks og hönnunar.
- Ritið *Handverk og hönnun á Íslandi* sem kemur út annað hvert ár og er dreift í 5.000 eintökum til aðila innan lands og utan.

## Fjölgun starfa og tækifæra

Starf Handverks og hönnunar hefur ýtt undir að æ fleiri einstaklingar treysta sér til þess að gera handverk og listsköpun að atvinnu sinni. Vinnustofur og gallerí hafa sprottið upp um allt land og

með sýningum sínum, útgáfu og öðru kynningarstarfi hefur Handverk og hönnun gert varning handverksfólks sýnilegan og eftirsóknarverðan. Í hugum flestra en því orðin augljós tenging milli íslensks handverks annars vegar og gæða og fjölbreytni hins vegar.

### ***Þjónusta við dreifðar byggðir***

Ástæða er til að benda sérstaklega á að fjölmörg byggðarlög um allt land hefðu trúlega farið alveg á mis við það besta í íslensku handverki ef ekki hefði komið til fræðslu- og sýningarstarf Handverks og hönnunar. Sýningar og fundir hafa meðal annars verið haldnir á eftirfarandi stöðum á undanförunum árum:

Akureyri	Reykjaskóli við Hrótafjörð
Blönduós	Reykjavík
Egilsstaðir	Sauðárkrókur
Flateyri	Selfoss
Hafnarfjörður	Skriðuklaustur
Hveragerði	Skútustaðir við Mývatn
Höfn	Sólheimar í Grímsnesi
Ísafjörður	Stykkishólmur
Keflavík / Reykjanesbær	Suðureyri
Króksfjarðarnes	Tálknafjörður
Ólafsvík	Varmahlíð
Reykjanes við Ísafjarðardjúp	Pingeyri.

### ***Viðhorf þátttakenda***

Reglulega eru framkvæmdar þjónustukannanir meðal þátttakenda í starfi Handverks og hönnunar og niðurstöður þeirra nýttar til þess að bæta þjónustuna enn frekar. Athyglisvert er að greina jákvæð svör þeirra sem taka þátt í starfi undir handleiðslu Handverks og hönnunar. Í könnun í september 2008 kom þetta meðal annars fram:

- 95% þeirra sem svara spurningunni: „Hversu vel telur þú að tilætluðum árangri hafi verið náð með starfi Handverks og hönnunar á undanförunum árum?“ segja „Mjög vel“ eða „Vel.“
- 87,6% svarenda telja verkefni Handverks og hönnunar (sýningar, kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur, útgáfu o.fl.) uppfylla væntingar sínar til starfseminnar að öllu eða miklu leyti.

### ***Mat sérfræðinga***

Og sérfræðingar sem spurðir voru um árangur af starfi Handverks og hönnunar á sama tíma voru sama sinnis og sögðu meðal annars:

- „Að mínu mati hefur Handverk og hönnun náð að uppfylla öll helstu markmið sem sett voru fram í upphafi – og meira en það.“
- „Handverk og hönnun er að sinna brautryðendastarfi varðandi að auka gæði íslensks handverks. Tel að um mjög góðan árangur sé að ræða.“
- „Miðað við ofangreind markmið er ekki nokkur vafi á að þetta starf hefur skilað miklum árangri. Handverk og hönnun er vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði, er ráðgefandi og veitir stuðning við þróun, heldur utanum upplýsingar um handverksfólk, hönnuði og þá sem starfa að listiðnaði. En það sem kannski er markverðast er þessi skilgreining sem virðist vera að komast á - þar sem sköpunarverki og sérstöðu er gert hátt undir höfði, gæði og frumleiki dreginn fram með það að markmiði að auka verðmæti, efla metnað og sjálfsmynd þeirra sem starfa inna geirans.“

### Mat R3-Ráðgjafar

- Handverk og hönnun hefur stuðlað að faglegu og metnaðarfullu starfi fyrir handverk og listiðnað í landinu. Sýningar og útgáfa Handverks og hönnunar eru skýr dæmi um það hvernig metnaðarfullt leiðbeiningar- og gæðastarf getur aukið tiltrú og möguleika heillar listgreinar.
- Árangur af starfi Handverks og hönnunar er ótvíræður og sýnilegur. Hann kemur meðal annars fram í fjölda þátttakenda og mikilli ánægju þeirra. En einnig auknum gæðum handverks og fagmennsku við hönnun, framleiðslu og kynningu á listiðnaði og handverki.
- Til þess að tryggja áframhaldandi framför og árangur í íslensku handverki og listiðnaði þarf að treysta og formfesta stuðning opinberra aðila við starf Handverks og hönnunar.

### 4.4 Mikilvægi

Starfsemi Handverks og hönnunar hefur verið sýnileg um allt land þótt skrifstofur verkefnisins hafi alla tíð verið í Reykjavík. Sýningar- og fræðslustarf á vegum Handverks og hönnunar á sér orðið fastan sess í hugum einstaklinga og stjórnvalda vítt og breitt um landið og er metið að verðleikum. Því er ekki óeðlilegt að benda á sjálfseignarstofnunina sem ákjósanlegan samstarfsaðila stjórnvalda við hverskonar stuðning og ráðgjöf til vaxandi hóps handverksfólks og þeirra sem vinna að listiðnaði. Kröfur stofnunarinnar um gæði verkefna gera það að verkum að stuðningur hennar og ráðgjöf verður ávallt á faglegum nótum en aldrei sem félagsleg aðstoð. Þetta er raunveruleg stoð við ákveðna þætti atvinnulífs um allt land.

Menningarlegt gildi gæðahandverks og listiðnaðar er ekki síður mikilvæg röksemd fyrir samstarfi stjórnvalda og Handverks og hönnunar. Þjóðlegri atvinnugrein er vart hægt að hugsa sér og fjölmargir og vel menntaðir listamenn hafa lagt sig fram um að vinna með þjóðararfinn og vitna til hans í verkum sínum. Aðrir leggja grunn að nýjum menningargrunni með frumleika og jafnvel sköpun listmuna úr gæðum lands og sjávar eða með annari tilvísun til menningar og sögu. Frumleiki, saga og gæði eru einkenni á starfi Handverks og hönnunar og til greina hlýtur að koma að ganga skrefinu lengra og taka upp sýnilega gæðaflokkun verslana og annarra útsölastaða handverks og listmuna. Því fleiri stjórnur sem verslun fengi í slíkri úttekt því meiri gæði væru tryggð fyrir viðskiptavininn í versluninni. Þannig verður enn eftirsóknarverðara fyrir handverksfólk og aðra framleiðendur að komast í gegnum gæðamat Handverks og hönnunar, með því fara vörur þeirra í sölu á fleiri stöðum.

Handverk og hönnun eiga, að margra mati, að fá viðurkenndan sess sem faglegur aðili á sviði hönnunar og handverks. Slíkur sess gæti gert samstarf við ýmsar menntastofnanir eðlilega og auðveldar, svo ekki sé talað um samstarf við erlenda aðila. Með slíkri viðurkenningu, af hálfu menntamálaráðuneytisins, gæti Handverk og hönnun orðið fullgildur þátttakandi í stefnumótun á sviði handverks og hönnunar í landinu auk þess að eiga beinni aðkomu að landkynningu og útflutningi á þessu sviði.

Auk menntamálaráðuneytis, er rétt að ráðuneyti byggða- og ferðamála (iðnaðarráðuneytið) komi að eflingu á starfsemi Handverks og hönnunar og tryggi rekstur þess. Það eru ekki mörg önnur verkefni sem stutt hafa við svo mikinn fjölda einstaklinga um allt land og Handverk og hönnun hafa gert. Af litlum eignum hefur stofnunin blásið fjölda karla og kvenna von í brjóst um að hægt sé að skapa sér atvinnu af listsköpun sinni. Þeim mikla tíma sem fer árlega í að afla stofnuninni rekstrarfjár væri hins vegar betur varið í frekari aðstoð og liðveislu við þetta fólk og enn fleiri.

Allir þátttakendur í áður nefndri þjónustukönnun sem svöruðu spurningunni um hvort þeir teldu að Handverk og hönnun væri tæki sem stjórnvöld gætu nýtt betur í þágu handverks og listiðnaðar guldu jáyrði við því. Flestir töldu að það mætti gera með því að ýta enn frekar undir sköpun, kynningu og framleiðslu á íslensku handverki og listiðnaði. Margir vildu láta það leiða til fleiri atvinnutækifæra og eflingar smáiðnaðar í landinu og allmargir sáu fyrir sér að slíkur opinber stuðningur myndi auka framboð á íslensku handverki og listiðnaði, meðal annars til þess að mæta vaxandi fjölda erlendra ferðamanna.

Af öðrum áherslum sem þátttakendur nefndu um stuðning stjórnvalda eru meðal annars:

- „Stjórnvöld mega gera sér betur grein fyrir því hvernig Handverk og hönnun heldur uppi gæðum í íslensku handverki og hönnun með því að vera reglulega með vandaðar sýningar þar sem munir eru valdir af dómnefnd.“

- „Stuðla að samvinnu milli landshluta og stefna að því að gera listiðnað að mjög vandaðri atvinnugrein þar sem kynning á góðu handverki hefur verið sem leiðarljós fyrir landið allt.“
- „Með aukinni kennslu í list- og handverksgreinum í grunnskólum landsins. Fjölga þarf kennslustundum í þessum greinum til þess að börnin ná einhverri færni á þessu sviði auk þess sem það getur orðið til þess að vekja meiri áhuga hjá þeim í þessum greinum.“

Í svörum sérfræðinga við svipaðri spurningu komu fram áherslur um að stjórnvöld nýti sér þekkingu og reynslu Handverks og hönnunar af ráðgjafar- og leiðbeiningarstörfum.

- „Já, stjórnvöld geta nýtt betur þá þekkingu og reynslu af gæðamálum og markaðsmálum sem Handverk og hönnun býr að t.d. í ráðgjöf til þeirra sem starfa í stoðkerfi atvinnulífsins þ.e. hjá Nýsköpunarmiðstöð, leiðbeiningaþjónustu landbúnaðarins, í menntastofnunum og að atvinnu- og rekstrarráðgjöf.“
- „Já, vissulega. T.d. með námskeiðum og þjálfun í handverki ýmiskonar, hönnunarkeppnum, þróun minjagripa, eflingar starfa í smáiðnaði, auknu gæðaeftirliti og fleiru og fleiru.“

### Mat R3-Ráðgjafar

- Mikilvægi Handverks og hönnunar í þróun handverks og listiðnaðar á Íslandi er ótvírætt. Stofnunin hefur staðið fyrir menntun, fræðslu og kynningu um allt land og utanlands einnig og stuðlað að fjölgun atvinnutækifæra í þessum listgreinum.
- Hluti af menningu þjóðarinnar er að hlúa að listsköpun sem tengist þjóðararfinum og tryggja nýsköpun og nýjungar í nýtingu á gæðum og sögu landsins.
- Handverk og hönnun hefur starfað sem atvinnuþróunarverkefni og er með hærri gæðaviðmið en víða þekkest. Stofnunin er því tilbúið tæki fyrir stjórnvöld til þess að efla menningu, búsetu og atvinnu um allt land.
- Staða Handverks og hönnunar er óviðunandi. Óvissu um fjármögnun á starfseminni þarf að eyða með samningum um framtíðarrekstrarfyrirkomulag og stuðning opinberra aðila.
- Til þess að tryggja tilvist Handverks og hönnunar þarf stofnunin að fá formlegan sess sem fagaðili á sviði listiðnaðar, hönnunar og handverks. Og viðurkenningu í verkefnum og fjárveitingum sem ráðgjafarstofnun fyrir þessar atvinnugreinar. Þar liggur næst að höfða til menntamálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins um að sameinast um samning við stofnunina.

## Fylgiskjal 1. Þjónustukönnun 2008

## Þjónustukönnun 2008

### HANDVERK OG HÖNNUN

Könnunin var send á 286 manns en svör bárust frá 161 eða 56%

1. Hversu vel telur þú að tilætluðum árangri hafi verið náð með starfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR á undanförunum árum?

		%	fj.
Mjög vel		54.0	87
Vel		41.0	66
Hvorki vel né illa		3.7	6
Illa		1.2	2
Mjög illa		0.0	0
<b>Svör alls:</b>			<b>161</b>

2. Að hve miklu leyti uppfylla verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR (sýningar, kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur og útgáfa o.fl.) væntingar þínar.

		%	fj.
Að öllu leyti		26.7	43
Að miklu leyti		60.9	98
Hvorki að miklu né litlu leyti		7.5	12
Að litlu leyti		3.7	6
Að engu leyti		1.2	2
<b>Svör alls:</b>			<b>161</b>







3. Telur þú að starf HANDVERKS OG HÖNNUNAR undanfarin ár hafi stuðlað að því að auka gæði og faglega stöðu handverks og listiðnaðar á Íslandi?

		%	fj.
Já, mjög mikið		80.7	130
Já, en ekki nægjanlega		16.8	27
Nei		0.6	1
Veit ekki		1.9	3
<b>Svör alls:</b>			<b>161</b>

4. Er HANDVERK OG HÖNNUN tæki sem stjórnvöld geta nýtt betur í þágu handverks og listiðnaðar að þínu mati?

		%	fj.
Já		100.0	161
Nei		0.0	0
<b>Svör alls:</b>			<b>161</b>

**5. Ef Já, þá með hvaða hætti (má merkja við fleiri en einn þátt):**

		%	fj.
Ýta enn frekar undir sköpun, kynningu og framleiðslu á íslensku handverki og listiðnaði.		36.8	149
Auka framboð á íslensku handverki og listiðnaði til þess að mæta vaxandi fjölda ferðamanna.		25.4	103
Stuðla að fleiri atvinnutækifærum og smáiðnaði á landinu öllu.		31.6	128
Annað:		6.2	25

**Annað (sem þátttakendur bættu við frá eigin brjósti um það hvernig stjórnvöld eigi að nýta sér starf Handverks og hönnunar):**

- Stjórnvöld mega gera sér betur grein fyrir því hvernig Handverk og Hönnun heldur uppi gæðum í íslensku handverki og hönnun með því að vera reglulega með vandaðar sýningar þar sem munir eru valdir af dómnefnd.
- Að vera metnaðarfullur og gæðastýrður gagnabanki fyrir innlendar og erlendar verslanir og einstaklinga sem eru að leita að gæðahandverki og –listiðnaði.
- Skapa betri tengingu handverks- og listiðnaðarfólks við söluaðila um allt land.
- Veita meira fé til Handverks og Hönnunar sem aftur styrkir ýmis konar verkefni sem eru þess virði.
- Mætti standa fyrir námskeiðum t.d. um framsetningu, umbúðir og kynningarmál.
- Styrkja þann þátt verkefnisins sem lítur að ráðgjöf og þjónustu.
- Mætti fara í útrás (út fyrir landsteinana).
- Sýna alvöru áhuga þ.e.a.s. raunverulegan áhuga á starfi íslensks handverksfólks.
- Með fræðslu og kynningum aukast gæði handverks.

- Handverk í grunnskólana.
- Að stjórnvöld hafi það í stefnu sinni að gefa einungis íslenska hönnun til viðskiptavina erlendis. Einnig að leitast við að nota íslenska hönnun og framleiðslu í öllum búnaði, sendiráðum ofl.
- Jeg er meget tilfreds med at dem som ingen eksamen har, har lige chance, hvis man har gode ting at vise frem.
- Með starfi sínu hefur gæði hönnunar og handverks aukist.
- Með námskeiðshaldi á landsbyggðinni og fræðslu.
- Stuðla að samvinnu milli landshluta og stefna að því að gera listiðnað að mjög vandaðri atvinnugrein þar sem kynning á góðu handverki hefur verið sem leiðarljós fyrir landið allt.
- Að auka kennsluframboð á list og handverki með vandaða framleiðslu í huga.
- Kynna frekar íslenskt handverk erlendis.
- Styðja betur við handverkshópana. Þeir flokkast ekki undir neitt og geta hvergi fengið styrki.
- Ætti að stuðla að betri menntun á sviði listhandverks og handverks almennt, það er ósk mín.
- Aukin kynning erlendis.
- Hvetjandi fyrir listamenn.
- Auka metnað handverksfólks að þróa og framleiða vandaða vöru.
- Of einhæf, vantar víðsýni og fjölbreytileika.
- Fjármagna sýningar innanlands og erlendis.
- Með aukinni kennslu á í list- og handverksgreinum í grunnskólum landsins. Fjölga þarf kennslustundum í þessum greinum til þess að börnin ná einhverri færni á þessu sviði auk þess sem það getur rorðið til þess að vekja meiri áhuga hjá þeim í þessum greinum.

## Fylgiskjal 2. Spurningakönnun 2008

### **Spurningakönnun var send út til 46 einstaklinga í þremur sérfræðingahópum haustið 2008.**

**Svör bárust frá 23 einstaklingum eða frá 50% þeirra sem fengu könnunina. Þau svaranna sem ná til efnislegra atriða eru birt hér óbreytt en nafnlaus.**

**Það starfsheiti sem kemst næst því að vera sameiginlegt fyrir einstaklingana í hverjum hópi er notað fyrir nafnlaus svörin:**

**Ráðgjafi:**

Atvinnuráðgjafar, ferðamálafulltrúar, forstöðumenn safna, menningarfulltrúar.

**Fulltrúi í stjórnslu:**

Starfsfólk ráðuneyta og ríkisstofnana. Sveitarstjórnarfólk og alþingismenn.

**Listamaður:**

Handverksfólk, hönnuðir, sýningarstjórar og listamenn.

**1. spurning:**

**Hversu vel telur þú að tilætluðum árangri hafi verið náð með starfi Handverks og hönnunar á undanförunum árum? (Markmið Handverks og hönnunar fylgdu með spurningalistanum).**

*Ráðgjafi:*

Að mínu mati hefur Handverk og Hönnun náð að uppfylla öll helstu markmið sem setta voru fram í upphafi – og meira en það.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Mjög vel.

*Listamaður:*

Ég tel að verkefnið hafi heppnast frábærlega í alla staði og orðið til að kynna handverk og ýta undir stofnun ýmissa gallería í bænum.

*Ráðgjafi:*

Það hefur tekist ágætlega hvað varðar markaðssetningu á gæðahandverki, einkum því sem mætti nefna listiðnað.

*Ráðgjafi:*

Ég tel að árangur hafi verið mjög góður af starfinu, ekki síst í ljósi þess að einstakir hópar hönnuða og handverksfólks hafa ekki beinlínis verið að ganga í takt undanfarin ár, hönnuðir sumir hverjir þótt þeir töluvert hafnir yfir handverksfólk og skilgreint sig all verulega langt frá handverki.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Mjög vel miðað við aðstæður.

*Listamaður:*

Annað hvort hefur tilætluðum árangri verið náð eða ekki! Hvert var markmiðið, var það sett skýrt fram? Það er ekki hægt að svara spurningunni án þess að þetta liggi fyrir. Ef ég man rétt, þá var í upphafi gert ráð fyrir því að styðja við bakið á fólki til sveita sem á þeim tíma sá fram á minnkandi tekjur vegna samdráttar í búskap, sérstaklega fækkun sauðfjár. Það var auðvitað ofætlan að þetta fólk gæti lagt fram fullgilda hönnun og hefði verið vænlegra til árangurs að gefa því kost á að búa til gripi eftir fyrirmyndum frábærra listamanna. Þess í stað leita menn eftir hugmyndum og stela miskunnarlaust ef því er að skipta. Hef sjálfur reynslu af því að fólki er lítt kunnugt um höfundarréttarlögin, en heldur að allt sé frjálst (og gleymum ekki handavinnublöðunum!).

*Ráðgjafi:*

Miðað við ofangreind markmið er ekki nokkur vafi á að þetta starf hefur skilað miklum árangri. Handverk og hönnun er vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði, er ráðgefandi og veitir stuðning við þróun, heldur utan um upplýsingar um handverksfólk, hönnuði

og þá sem starfa að listiðnaði. En það sem kannski er markverðast er þessi skilgreining sem virðist vera að komast á - þar sem sköpunarverki og sérstöðu er gert hátt undir höfði, gæði og frumleiki dreginn fram með það að markmiði að auka verðmæti, efla metnað og sjálfsmynd þeirra sem starfa innan geirans.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Ég tel að vel hafi tekist til.

*Listamaður:*

Mjög vel, mér finnst Handverk og hönnun hafa stuðlað að meiri faglegum metnaði hjá þeim sem fást við handverk og gert það sýnilegra og um leið að eftirsóknarverðari vöru.

*Ráðgjafi:*

Ég tel að Handverk og hönnun hafi opnað augu margra fyrir því að íslenskt handverk á að endurspegla gæði, fjölbreytni og frumlega úrvinnslu. Það var frábært framtak að vinna sýningar sem fóru um landið, tel þær hafa verið örvandi og aukið meðvitund breiðari hóps fyrir gæðum, fjölbreytni og frumlegri úrvinnslu.

*Listamaður:*

Tel árangurinn góðan, betri en ég þorði að vona.

*Ráðgjafi:*

Handverk og hönnun er að sinna brautryðendastarfi varðandi það að auka gæði íslensks handverks. Tel að um mjög góðan árangur sé að ræða.

*Ráðgjafi:*

Þekki ekki tilætlaðan árangur.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Þekki kannski það starf ekki mjög vel en það sem ég hef kynnst af því held ég að góðum árangri hafi verið náð.

*Ráðgjafi:*

Já ég tel að mjög góður árangur hafi náðst með starfi HH til þessa.

*Ráðgjafi:*

Ég get varla metið árangurinn á landsvísu en við hér ... nutum leiðsagnar þeirra og fengum sýningar frá þeim og munum sakna „stofnunarinnar“.

**2. spurning:**

**Að hve miklu leyti uppfylla verkefni Handverks og hönnunar (sýningar, kynningar, útgáfa o.fl.) væntingar þínar?**

*Ráðgjafi:*

Í mjög miklu mæli. Þetta er mjög jákvætt framtak og hefur stuðlað að því að skapa samstarfs- og umræðuvettvang á sviði handverks og listsköpunar á Íslandi. Sýningarhald og allt sem fylgir því hefur náð fótfestu og gefið mörgum tækifæri. Ráðgjöf hefur ávallt fylgt og hafa margir notið góðs af hugulsemi og vandvirkni starfsmanna.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Alveg ágætlega, ég hef haft ánægju af þeim öllum.

*Listamaður:*

Handverk og hönnun hefur uppfyllt mínar væntingar frá því að Sunneva Hafsteinsdóttir tók við stjórn. Ég tel að hún hafi unnið frábært starf í alla staði.

*Ráðgjafi:*

Vel.

*Listamaður:*

Gerði mér ekki of miklar væntingar, verið of lengi í harkinu til þess. Útgáfan er til fyrirmyndar. Ánægð með bækurnar og kortin.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Þau hafa staðið vel undir væntingum.

*Listamaður:*

Vel, það er mjög vel og faglega staðið að vali inn á sýningar og uppsetningu á þeim, enda eru sýningarnar og Ráðhúsmarkaðurinn mjög vel sóttur. Kynningarmál og útgáfa er góð og vel að öllu staðið hjá Handverki og hönnun.

*Ráðgjafi:*

Mér hefur fundist þær sýningar sem ég hef séð bæði smekklega uppsettar og vel aðgengilegar. Það hefur verið samfella í útliti og uppsetningum og þeir bæklingar sem gefnir hafa verið út eru stílhreinir, vel skipulagðir og flokkarnir aðgengilegir.

*Listamaður:*

Hef ekki séð nema örfáar sýningar og get því ekki dæmt heildina, en útgáfurnar standa fyrir sínu. Það er til marks um álit mitt á starfi Handverks og hönnunar, að ákveðið hefur verið að taka upp samstarf og kynna hönnunurvörur í ... á næstunni.

*Ráðgjafi:*

Ég hef alltaf haft ánægju af því að skoða sýningar Handverks og hönnunar og persónulega finnst mér þemasýningar áhugaverðari en almennar markaðssýningar. Heimasíða þeirra er gagnleg. Útgáfur þeirra hafa líka verið áhugaverðar og góð viðbót við annað en e.t.v. er þar of einhæf upptalning – sakna texta um handverk þar sem t.d. er skoðað hvað hefur áunnist, staða ísl. handverks skoðuð í samanburði við t.d. norræna hönnun. Textar um gæðamál, textar um frumleika o.s.frv. Meiri upplýsingatexta um menningarlegt, listrænt og hagnýtt gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar – svo ég taki texta úr markmiðum Handverk og hönnun - til þess að efla vitund almennings og efla almenna umræðu um gildi handverks og hönnunar almennt.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Að mínu mati hafa sýningar verið áhugaverðar og ótrúlega fjölbreyttar, útgáfa kynningarefnis hefur líka verið til fyrirmyndar. Handverk og hönnun er vel rekið og uppfyllir mínar væntingar til verkefnisins.

*Ráðgjafi:*

Sýningar eru frábærar bæði þær sem eru down town Reykjavík og ekki síður farandsýningar sem hafa verið úti á landi. Kynningarbækur eru frábært yfirlit yfir íslenskt handverk.

*Ráðgjafi:*

Hef engar fastmótaðar væntingar til Handverks og hönnunar. Þær sýningar sem ég hef séð á þess vegum hafa þó verið faglegar.

*Ráðgjafi:*

Sérlega vel, það er afar faglega staðið að öllum þessum málaflokkum og áberandi vel heppnað allt saman, gæði eru ávallt mjög góð á því efni sem unnið er og vel staðið að kynningarmálum á allan hátt.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Sýningar hafa verið í mínum heimabæ, sem ég tel að hafa verið afar góðar kynningar á starfseminni. Útgáfumál þekki ég ekki vel. En hef þó af og til rekist á bæklinga frá þeim, sem mér finnst mjög vandaðir.

*Ráðgjafi:*

Að mínu mati hefur þetta verið mjög faglega unnið, sýningarnar góðar og útgáfan hefur skapað tækifæri fyrir handverksfólk.

*Ráðgjafi:*

Nokkuð vel. Við fengum sýningar hingað til ... þegar við óskuðum eftir og nutum einnig faglegrar leiðsagnar.



*Fulltrúi í stjórnslu:*

Síðan Kraum var opnað legg ég reglulega leið mína í búðina. Ég fæ ekki betur séð en að starfsemin beri þess vott að handverk og hönnun sé enn í uppsveiflu á Íslandi og ég fagna því.

*Ráðgjafi:*

Ég hef, þótt skömm sé frá að segja, ekki fylgst nægilega vel með til að ég geti svarað af einhverju viti. Sýnist samt að verkefnið sé nokkuð vel heppnað, bækur frá þeim eru spennandi og það virðist vera ákveðinn gæðastimpill á því sem frá þeim kemur.

**3. spurning:**

**Telur þú að starf Handverks og hönnunar undanfarin ár hafi stuðlað að því að auka gæði og faglega stöðu handverks og listiðnaðar á Íslandi? Hvernig helst?**

*Ráðgjafi:*

Handverk og hönnun hefur unnið í því að setja gæðastaðla, verið leiðbeinandi á öllum sviðum listsköpunar, þróunar, fræðslu, kynningar og markaðssetningar og margir einstaklingar hafa náð að skapa sér atvinnu úr áhugamáli. Sýningarhald og útgáfustarfsemi á vegum Handverks og hönnunar hefur gert mörgum kleift að ná árangri og er þetta ekki síst fagmennsku og óeingingirni starfsmanna að þakka.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Mér finnst starfsemi Handverks og hönnunar hafa bæði verið hvatning til handverksfólks og hönnuða að takast á við fjölbreytt verkefni og vakið til lífsins að nýju gamalt handverk í nýjum búningi, nýtingu á íslensku hráefni og á fjölbreyttari hátt. Það er mikill munur á íslensku handverki, gæðum og fjölbreytni í dag og áður en Handverk og hönnun fór af stað.

*Ráðgjafi:*

Með kynningu og markaðsstarfi á handverki, sem stenst ákveðnar kröfur um vandaða vöru.

*Listamaður:*

Tvímælanlaust. Með sýningum sínum þar sem virtir hönnuðir og listamenn hafa verið fengnir til að dæma inn á sýningar hefur standardinn verið verulega hækkaður og allir vita nú að þeir komast ekki inn á sýningu með hálfkarðan hlut. Aðeins það besta kemst inn.

*Ráðgjafi:*

Tilkoma Handverks og hönnunar hefur orðið til þess að handverki og listiðnaði er gert hátt undir höfði - alls ekki of hátt - ég meina þetta ekki þannig, en hér er vettvangur þar sem settar eru kröfur til framleiðenda og hönnuða en um leið er verkum þeirra gerð góð skil, listrænt gildi þeirra og sérstaða dregin fram. Um leið er hér vettvangur sem vert er að vera partur af og þess vegna held ég að Handverk og hönnun hafi náð mjög langt og hafi stórbætt stöðu handverks og listiðnaðar á Íslandi. Það er ekki hvað sem er sem kemst á lista þeirra, fagnefnd fjallar um gæði

og sérstöðu þeirra muna sem til umræðu eru og handverksfólk veit að hér þarf metnað og gæði til að vera hluti af þessari heild.

*Listamaður:*

Já, sama svar og við fyrstu spurningu. (Mjög vel, mér finnst Handverk og hönnun hafa stuðlað að meiri faglegum metnaði hjá þeim sem fást við handverk og gert það sýnilegra og um leið að eftirsóknarverðari vöru.)

*Ráðgjafi:*

Já með því að velja inn á sýningar þeirra. Áherslan hefur samt verið sýnilegri á handverkið en listiðnað þar sem hönnun er nýtt til fjöldaframleiðslu.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Ég held að það sé óumdeilanlegt að Handverk og hönnun stuðlar að faglegri stöðu handverks og listiðnaðar á Íslandi, helst með sýningahaldinu, heimasíðunni og rekstri skrifstofunnar. Ég tel líka að frábært starfsfólk og upplýsingagjöf hafi þar mikið að segja.

*Ráðgjafi:*

Með því að halda okkar besta fólk og þeirra bestu verkum á lofti hefur H&H svo sannarlega hækkað standardinn á handverki á Íslandi.

*Listamaður:*

Já, með sýningum og útgáfum, viðtölum og fræðslu.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Tvímælalaust. Maður sé þess öll merki að mikið er lagt upp úr faglegri og vandaðri vinnu í kynningu á þeim listamönnum sem valdir eru.

*Ráðgjafi:*

Ég tel að starfsemin hafi lyft íslensku handverki og hönnun á æðra plan. Fagmennskan er meiri og föndrið er minna.

*Ráðgjafi:*

Gæði og faglega staða handverks og listiðnaðar hefur aukist undanfarin ár. Býst við að það megi að einhverju leyti rekja til Handverks og hönnunar.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Þekki ekki hvort Handverk og hönnun hafi aukið gæði en hinsvegar faglega stöðu með ýmsum sýningum, samsýningum og og öðrum uppákomum og komið þannig handverki og hönnun á framfæri og gert sýnilegri í þjóðfélaginu.

*Ráðgjafi:*

Ég svara þessu játandi, tvímælalaust. Með vönduðum sýningum og útgáfu, gæðaeftirliti og umræðu hefur Handverk og hönnun lagt sitt af mörkum til að bæta stöðu handverks og listiðnaðar.

*Listamaður:*

Ekki nokkur vafi að Handverk og hönnun hefur haft mjög bætandi og mótandi áhrif á faglega stöðu listhandverks á Íslandi. Alltof margir hafa vaðið uppi með óvandaða vöru um áratugaskeið og almenningur ekki verið í stakk búinn til velja og hafna vegna menntunarleysis.

*Ráðgjafi:*

Já, ég trúi því. T.d. með sýningum á völdum gripum og útgáfu vandaðra bæklinga. Starfsmenn voru líka ólatir við að koma með sýningar og aðstoða handverksfólk utan Reykjavíkur. Það var keppikefli handverks- og listafólks að fá að taka þátt í sýningum og viss status sem fylgdi því.

*Ráðgjafi:*

Starfsemin hefur örugglega ýtt undir gæði og faglega stöðu handverks í landinu.

#### 4. spurning:

**Telur þú að það beri að líta á Handverk og hönnun sem tæki sem stjórnvöld geta nýtt betur í þágu handverks og listiðnaðar í landinu? Ef svarið er já, þá með hvaða hætti?**

*Ráðgjafi:*

Tvímælalaust! Þarna er á ferðinni lítil starfsstöð með mikla reynslu, metnað og þekkingu sem hefur alla burði til að vera leiðandi í stærri verkefnum – e.t.v. í samstarfi við Listaháskólann og fl. Handverk og hönnun gæti í mun meira mæli vera fagaðili í millilandasamstarfi – tengiliður í verkefnavinnu sbr. Northerslóðaáætlun, Leonardo og fl. á sviði listsköpunar og fl. Efla mætti Handverk og hönnun með því að tryggja áframhaldandi rekstur um ókomin tíma og með því að gera þeim kleift að ráða e.t.v. starfsmenn í viðbót.

*Ráðgjafi:*

Já, stjórnvöld geta nýtt betur þá þekkingu og reynslu af gæðamálum og markaðsmálum sem Handverk og hönnun býr að t.d. í ráðgjöf til þeirra sem starfa í stoðkerfi atvinnulífsins þ.e. hjá Nýsköpunarmiðstöð, leiðbeiningaþjónustu landbúnaðarins, í menntastofnunum og að atvinnu- og rekstrarráðgjöf.

*Listamaður:*

Það mætti nýta handverk og hönnun betur í landkynningar og kynningar hjá útflutningsráði. Lífið er ekki bara saltfiskur.

*Fulltrúi í stjórnsýslu:*

Já, vissulega. td með námskeiðum og þjálfun í handverki ýmiskonar, hönnunarkeppnum, þróun minjagripa, eflingar starfa í smáiðnaði, auknu gæðaeftirliti og fleiru og fleiru.

*Ráðgjafi:*

Ég held að Handverk og hönnun geti nýst í þágu þróunar og eflingar á handverki og hönnun. Um leið er hér möguleiki á atvinnusköpun, það á ekki að skipta máli hvar handverksmaðurinn/konan er staðsett - afurðin skiptir hér höfuð máli. En um leið er mjög mikilvægt að Handverk og hönnun hafi sjálfstæði í sínum vinnubröðum, þróun og utanumhaldi. En við ættum að sjá það á þeim árangri sem starfið hefur skilað á síðustu árum að hér er á ferð tækifæri til enn frekari þróunar og eflingar, starfið undanfarin ár hefur orðið til þess að lyfta þessum geira á stall, þar sem gæði og frumleiki eru lykilorð.

*Ráðgjafi:*

Já tvímælaust. Geri mér ekki alveg grein fyrir því hvernig – en það er mikil gróska meðal nemenda á hönnunarbraut Listaháskólans og þessa orku á endilega að beisla til góðra verka. Almennt held ég að góð hönnun hvort sem er í handverki eða fjöldaframleiðslu njóti alltaf virðingar hér lendis sem erlendis og skapar grunn að virðisauka.

*Listamaður:*

Já, ég tel æskilegt að Handverk og hönnun hafi með höndum eftirlit og gæðastjórnun á því sem er selt á ferðamannastöðum í vegum ríkisins, t.d. Laufási við Eyjafjörð og Gullfossi og haft áhrif á það sem er selt á fjölsóttum stöðum eins og á Hrafnagili, Geysi og Skógum. Taka mætti upp einkunnagjöf og útbúa merki til staðfestingar á gæðum, því fleiri stjórnur, því betri verslun! Þetta myndi hleypa kappi í fólk til að standa sig betur. Um leið mætti koma til móts við þá sem hafa sótt námskeið og bjóða þeim endurmenntun til að efla hag sinn í héraði.

*Ráðgjafi:*

Já svo sannarlega. Með því að efla samstarf Handverks og hönnunar við aðrar stoðstofnanir atvinnulífsins og styrkja stoðir Handverks og hönnunar með föstum fjárframlögum er hægt að sjá til þess að tæki sem virkar sé ekki að eyða orku sinni í að fjármagna sig, heldur í að gera það sem því er ætlað.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Já - ekki spurning, með því að veita því fjármagni til verkefnisins sem þarf til að auðvelda starfsmönnum og stjórn að reka verkefnið, halda sýningar, gefa út kynningarefni og vekja athygli á handverki og listiðnaði. Það þarf að eyða óvissu um áframhaldandi rekstur. Það þarf að vera hægt að ganga að því vísu að fjármagn fái til reksturs næstu ára.

*Listamaður:*

Stjórnvöld ættu að styðja vel við starf Handverks og hönnunar svo það geti haldið áfram að auka metnað handverks og listiðnaðarfólks og glæða enn frekar áhuga almennings á því með sýningum og kynningum. Innan Handverks og hönnunar er mikil fagþekking sem sem nota má til margra góðra hluta t.d. gera kynningar og kennslumyndbönd um handverk og listiðnað sem nota mætti í skólum og á stofnunum.

*Ráðgjafi:*

Já, stjórnvöld geta nýtt starfsemi Handverks og hönnunar til að:

- \* Atvinnusköpunar og ýta undir skapandi atvinnustarfsemi.
- \* Sölu og markaðsstarfs á Íslensku handverki.
- \* Setja gæðaviðmið.
- \* Gerð kynningarefnis.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Já ég tel að það væri hugsanlegt. Mætti jafnvel hugsa sér átak í kynningum erlendis.

*Ráðgjafi:*

Tel að meiri áherslu beri að leggja á þróun handverks og listiðnaðar í landinu, með menntun, stuðningi og kynningu. Stjórnvöld þurfa að koma að því og þessi þróun þarf að ná til landsins alls. Handverk og hönnun getur eflaust stýrt þeirri vinnu sem verður að gerast á víðtæku sviði. En það verður þá að gerast með kraftmeiri hætti en undan farin ár.

*Ráðgjafi:*

Með því að halda verkefninu áfram og leyfa því að þróast enn frekar. Þarna er á ferðinni góður farvegur nú þegar, reynsla og þekking til staðar sem má byggja á og halda áfram að þróa í samstarfi við handverks og listamenn.

*Listamaður:*

Já. Með enn fleiri sýningum, þar sem vandað er til vals þátttakenda og útgáfu bóka.

*Ráðgjafi:*

Já, með svipuðum hætti og verið hefur, með sýningum, heimsóknum, úgáfu, námskeiðahaldi. Handverk og hönnun hafði með vandvirkni sinni náð þeirri stöðu að það var eftirsóknarvert að komast í þeirra hóp og það hvatti fólk til að gera sífellt betur.

*Fulltrúi í stjórnslu:*

Ég beitti mér á Alþingi fyrir því að verkefnið fengi lifað áfram, þegar átti að slá það af og fagnaði því að málin skyldu þó bjargast fyrir horn þegar ákveðið var að veita áfram fjármunum til starfseminnar. En þar sem þingið í október hefst á því að fara yfir fjárlagafrumvarp næsta árs 2009 þá sting ég upp á því að þið bjóðið þingmönnum í heimsókn í Aðalstrætið og kynnið okkur starfsemina, segið okkur hvað breyttist 2007, hvernig ykkur reiðir af og hver ykkar framtíðarsýn er.

*Ráðgjafi:*

Stjórnvöld gætu gert heilmikið og vert að líta til hinna Norðulandanna í því tilliti. Virðist vera mikið um fínt handverk í það minnsta í Svíþjóð. Það sem hefur staðið handverki hér fyrir þrifum er að það sem er óvandað og hörmulegt er einhvern veginn sett við hliðina á því sem er mikils virði og ber í sér langa sögu, mikla þekkingu, afbragðs verksvit og góðan smekk (sem er náttúrulega svolítið íffí atriði).